

Mætt: Gunnþórunn, Anna Jóna og Gunnar, einnig Hörður húsvörður, Helgi sveitarstjóri og Ásdís Helga verkefnastjóri.

1. Minnisþingar í tengslum við útleigu á Végarði, teknir saman af Ásdísi Helgu.

Ásdís Helga fór yfir tilurð minnisþinganna og ræddi einnig útleigu, ýmsar reglur varðandi „vottaða eldhúsaðstöðu“ o.fl.

Rætt var um hvaða starfsemi húsið bæri og hvort vilji væri til að leigja húsið meira út.

Ásdís Helga vék af fundi kl. 13:50

Húsnefnd er sammála um að umsjón með leigu á húsinu sé á skrifstofu á hendi sveitarstjóra, hann upplýsi og kalli til húsvörð eftir þörfum.

Sent verður út bréf til íbúa með upplýsingum um Végarð.

Húsnefnd sér ekki fyrir sér miklar breytingar á hefðbundnum notum á húsinu og not íbúa verði í forgangi eins og verið hefur.

Varðandi afnot af vottaðri eldhúsaðstöðu, verði hún heimil íbúum til tilraunastarfsemi, endurgjaldslaust í allt að tvö ár, eftir það greiði viðkomandi leigu fyrir afnot.

Í afnotum á húsinu felst aðgangur að þeim tækjum og tólum sem til staðar eru, en húsnefnd telur ekki rétt að húsið standi í kaupum á sérhæfðum búnaði sem viðkomandi starfsemi kann að krefjast.

Helgi yfirgaf fundinn kl. 14.:25.

2. Erindi Sauðagulls

Gunnar vék af fundi vegna tengsla við bréfitara.

Erindi Sauðagulls var vísað til húsnefndar á fundi sveitarstjórnar 20.10 2020.

Í erindinu er meðal annars fjallað um takmörkun á umgangi í eldhúsi í Végarði þegar framleiðsla Sauðagulls er í gangi, til að koma í veg fyrir krossmengun. Þá ræðir Ann Marie um að sveitarfélagið kaupi ísskápa sem fullnægi kröfum um kælingu matvæla. Húsnefnd bendir á að það líður að því að endurnýja þarf a.m.k stærri ísskápinn í eldhúsinu. Varðandi breytingar í kjallara sem einnig er rætt í erindi Sauðagulls, um bendir húsnefnd á bókun í lið 1. þ.e. um afnot af tækjum og tólum sem fyrir eru, ekki er lagt til að aðstöðu í kjallara verði breytt vegna framleiðslu Sauðagulls. Pláss þar er mjög takmarkað og lítið rými til að bæta við tækjakosti framleiðandans.

Gunnar kom aftur til fundar.

3. Breytt staðsetning á kyndistöð.

Kynnt afstöðumynd. Kyndistöðin hefur verið flutt inn fyrir birkibelti ofan Végarðs. Rætt um hvort þörf sé fyrir jarðvegsmön sem sýnd er á teikningunni. Á teikningunni er röng staðsetning á vegi/aðkomu að kyndistöðinni.

4. Erindi frá sveitarstjórn er varðar fjárhagsáætlanagerð hreppsins 2021.

Sveitarstjórn óskar eftir hugmyndum og fjárþörf verkefna sem eru á borði húsnefndar.

Varðandi viðhald eru hugmyndir um að mála skrifstofurými og stigagang, merkja bílastæði og mögulega þátttaka í bættri aðstöðu á tjaldsvæði. Húsnefnd beinir til sveitarstjórnar að áætla fjármuni til þessara þátta, annars minni háttar viðhalds og endurnýjunar tækja og húsbúnaðar.

5. Önnur mál:

- a) Rætt um að húsnefnd leggi drög að ítarlegri verðskrá fyrir afnot af Végarði og að gerð verði eignaskrá yfir muni og búnað í húsinu.
- b) Anna Jóna spurðist fyrir um hvar stóra hrærivélin væri og vill að henni verði komið fyrir á sínum stað í kjallara.
- c) Útbúa þarf umgengisreglur fyrir Végarð og hafa þær sýnilegar í húsinu.

Fleira ekki rætt að þessu sinni og fundi slitið kl. 15:40
Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Hörður Guðmundsson (sign)